

Merkir Íslendingar

Axel Eyjólfsson

Axel Eyjólfsson fæddist 23. mars 1911 á Bessastöðum á Álftanesi. Foreldrar hans voru hjónin Eyjólfur Eyjólfsson, f. 1876, d. 1922, og Sigríður Loftsdóttir, f. 1879, d. 1952.

Axel varó búfræðingur frá Hvanneyri 1933, reisti nýbýlið Dalsmynni í Saurbæjarlandi á Kjalarnesi og bjó þar 1931-1934. Eftir það flutti hann á Akranes og lauk trésmíðanámi hjá móðurbróður sínum.

Hann bjó á Akranesi 1935-46 og stofnaði þar fyrirtæki sitt, AXIS. Hann flutti síðan til Reykjavíkur og byggði sitt eigið húsnæði í Skipholti 7, en þar starfaði AXIS lengi á þremur hæðum.

Axel var frumherji hér á landi í framleiðslu nýtskulegra húsgagna, en hann var m.a. fyrstur til að hefja framleiðslu á stöðluðum fataskápum. Fram að þeim tíma höfðu þeir verið smíðaðir á staðnum, í heimahúsunum sjálfum. Fékk hann einkaleyfi á sumum af hugmyndum sínum. Axel lét af stjórn fyrirtækisins 1981 og tóku synir hans við.

Hann var einn stofnenda Sósíalistafélags Akraness og var varabæjarfulltrúi þar.

Axel var tvígiftur og eignaðist sex börn, eitt þeirra lést í frumbernsku.

Axel lést 27. apríl 1989.